



Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

14. árg. 2005 1. tbl.

75 ÁRA AFMÆLI
SKÓGRÆKTAR-
FÉLAGS ÍSLANDS

SKÓGRÆKTARFERÐ
Í SUMAR

FRÆÐSLUSTARF SÍ

BÆTT AÐSTAÐA
Í VINASKÓGI

SKÓGRÆKTAR-
FÉLAG ÍSLAND
FLYTUR

LANDGRÆÐSLU-
SKÓGAR 15 ÁRA

GRÓÐURVIN
Á HÁLENDINU

STARFSMENNTA-
SKÓLI LANDS-
VIRKJUNAR

LEIÐANGUR
Í SKÓGINN Á
HOLTSDAL Á SÍÐU

SKÓGARLEIFAR
Á BISKUPS-
TUNGNAAFRÉTTI

HAUKAFELL –
VIN UNDIR JÖKLI

FRÁBÆR VÖXTUR
DÖGLINGSVIÐAR



Ný aðkoma og aðstaða opnuð í Vinaskógi

Ný aðkoma og aðstaða að Vinaskógi var formlega opnuð á síðastliðnu ári af Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands. Um er að ræða rúmgóða aðkeyrslu og bíla-stæði ásamt nýju hliði og upplýsingaturni. Vinaskógur er í landi Kárastaða í nágrenni Þingvalla. Skógurinn varð til árið 1990 að frumkvæði Vigdísar Finnbogadóttur, páverandi forseta Íslands, í tilefni Landgræðsluskógaáttaks. Á myndinni sjást Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem gróðursettu hvert sitt birkitré í tilefni dagsins.

Þau fengu endurgreitt



Ætli við förum ekki í bíó um hverja helgi?

Nú læt ég verða af því að bjóða konunni út að borða.

Hvort ætti ég að kaupa mér dekurdag eða nýjan skáp á baðið?

Við getum keypt nýtt bein handa Neró, sent fátæku börnunum milljónþúsund - og kannski ömmu Dísu smá ... og svo bara nammi fyrir afganginn.



Fjölskyldan

Má bjóða þér í hópinn?

Í janúar endurgreiddum við skilvísun viðskiptavinum í fjölskyldubjónustu SPRON helming allra debetkortaárgjalda þeirra og hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðalána, yfirdráttar eða víxla.

Það getur verið erfitt að ákveða hvernig best er að nýta endurgreiðsluna þar sem þarfir og væntingar fjölskyldumeðlima eru mismunandi – það eina sem hægt er að ábyrgjast er að hún kemur sér vel fyrir fjölskylduna.

Með því að skrá fjölskylduna gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.



spron

– fyrir allt sem þú ert

Skráning í síma 550 1200, hjá þjónustuveri í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

75 ÁRA AFMÆLI SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Alþingishátíðinni árið 1930. Í tilefni 75 ára afmælis félagsins er fyrirhugað að efna til átaks til eflingar hreyfingarinnar.

Félagið hyggst vinna því að auka félagafjölda skógræktarfélaganna með skipulegri félagasöfnun. Slíkt er nauðsynlegt til þess að þau verði enn betur í stakk búin að takast á við umfangsmikil ræktunar- og umhirðuverkefni útivistarskóga á Íslandi.

Skráðir félagsmenn eru nú um 7000 þúsund talsins, en takmarkið er að auka fjölda þeirra um þriðjung.

Með félagsaðild gerist þú styrktaraðili skógræktarfélaganna í landinu en það kostar einungis 1.000-2.000 krónur mismunandi eftir félögum.

Í hnotskurn innifelur félagsaðild eftirfarandi;

Að þú:

- ert styrktaraðili uppgræðslu og skógræktar í landinu.
- stuðlar að bættu aðgengi að útivistarskógum skógræktarfélaganna.
- færð sent reglulega Laufblaðið og Frækornin.
- færð félagsskýrteini með ríkulegum afslætti á gróðurvörum hjá völdum fyrirtækjum.
- tengist öflugri fjöldahreyfingu áhugafólks.
- fær aðgang að fræðslustarfi skógræktarfélagana.
- hefur meiri möguleika, að ná árangri í ræktunarstarfinu þínu.

Ýmsir skógræktartengdir viðburðir á árinu verða tengdir afmælinu en sjálfan afmælisdaginn, 27. júní er stefnt að halda upp á með veglegum hætti.

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands, 14. árgangur. 1. tölublað 2005.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150, heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson, skógfræðingur, netfang: jgp@skog.is

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur: Jóhann Frímann Gunnarsson.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2004.

Magnús Jóhannesson formaður, Magnús Gunnarsson varaformaður, Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri, Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari. Meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Þuríður Yngvadóttir. Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson, Páll Ingbór Kristinsson.

Gefið út í 7300 eintökum.

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt
tímarit fyrir alla
skóg- og trjáræktendur

Í vor býðst það á einstöku tilboði:

Nýir áskrifendur fá
2004 árganginn
heimsendan
án endurgjalds.

Pantið áskrift í síma 551-8150
eða á skog@skog.is.

Nánari upplýsingar á
www.skog.is.

Skógræktarritið er bæði fyrir lærða og leika.
Ólafur Erling Ólafsson, skógarvörður í Heiðmörk,
mælir óhikað með því.

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF



SKÓGRÆKTARFERÐ Í SUMAR

NÝFUNDNALAND Í KANADA DAGANA 11. – 20 ÁGÚST

Stórbrotin náttúra – Leifsbúðir í L'Anse aux Meadows

– Áhugaverðir skógar og skógrækt –

Terra Nova og Gros Morne þjóðgarðarnir – Borgin St. John's

Í sumar mun Skógræktarfélag Íslands gangast fyrir kynnisferð til Nýfundnaland í Kanada. Í ferðinni gefst einstakt tækifæri til þess að ferðast um Nýfundnaland undir leiðsögn heimamanna og kynnast bæði náttúrufergum og sagnaslóðum. Skógar og skógrækt verða skoðuð og þjóðgarðarnir Gros Morne og Terra Nova verða heimsóttir. Þá verður farið til L'Anse aux Meadows, þar sem Leifur heppni er talinn hafa komið er hann fann Ameríku árið 1000. Þar eru einu minjarnar um byggð norrænna manna í Norður Ameríku.

Þess má geta að Sigurður Blöndal, fyrrv. skógræktarstjóri, skrifaði fróðlega grein um Nýfundnaland í Skógræktarritið árið 1985. Greinina er hægt að fá hjá Skógræktarfélagi Íslands og eins er hægt að sækja hana sem pdf. skjal á vefsíðu félagsins www.skog.is. Einnig er fjallað um ferðir norrænna manna á þessum slóðum, í bók Páls Bergþórssonar, „Vínlandsgátan.“

Alexander (Sandy) Robertsson verður leiðsögumaður ferðarinnar en hann er náttúru-



Sandy Robertsson leiðsögumaður ferðarinnar er liðtækur við ýmsilegt annað en skógrækt, til dæmis sekkjapípuleik! (Mynd NN).

fræðingur, búsettur á Nýfundnalandi. Hann er mörgum Íslendingum að góðu kunnur, en hann hefur margsinnis komið hingað til lands og þá hefur hann þátttöku í mörgum ferðum.

Fararstjórar verða starfsmenn Skógræktarfélags Íslands og Aðalsteinn Sigurgeirsson forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá. Þeir eru orðnir þátttakendur þessu, enda búið að fylgja skógræktarfélagi í sambærilegum ferðum til Skotlands, Austurríkis, Danmerkur, Finnlands, Rússlands, Alaska og Írlands.

Flogið er með beinu leiguflugi Flugleiða (Boeing 757-200) á vegum Hópfarðamiðstöðvarinnar – Vestfjarðarleiðar til og frá borginni St. John's og er flugtími aðeins líðlega 3 klukkustundir með beinu flugi. Þannig tekst að stilla verði ferðarinnar mjög í hof og stytta flugtímann, því annars þyrfti að fljúga með viðkomu í London eða Boston.



St. John's er höfðuborg Nýfundnaland, austasta fylkis Kanada. (Kort SSP).

Verð ferðarinnar er kr. 119.000.- og innifelur flugfar og alla skatta, gistingu á góðum hóteli, í tveggja manna herbergjum ásamt morgunmat, akstur alla dagana og íslenska fararstjórn. Hægt er að fá einbýli gegn aukagjaldi. (Ath. þessi verð miðast við núverandi gengi kanadíska dollarans).

Flogið er frá Keflavík kl. 21.50 fimmtudaginn 11. ágúst og komið til St. John's á sama tíma! Heimkoma er laugardaginn 20. ágúst kl. 06.30.

Ferðaáætlun liggur fyrir í grófum dráttum: (með fyrirvara um breytingar)

Nýfundnalandferð 11. - 19. ágúst

	Staðir	Gisting
11. ágúst	St. John's	Holiday Inn
12. ágúst	Grand Falls	Mount Peyton
13. ágúst	Corner Brook	Holiday Inn
14. ágúst	St. Anthony	Vinland Motel
15. ágúst	Cow Head	Shallow Bay
16. ágúst	Cow Head	Shallow Bay
17. ágúst	Grand Falls	Mount Peyton
18. ágúst	St. John's	Delta St. John's
19. ágúst	St. John's	Heimferð

Bókanir

Ferðaskrifstofan Hópfarðamiðstöðin – Vestfjarðarleið, Hesthálslí 10 110 Reykjavík, sér um bókanir. Síminn er 562 9950 og tölvupóstfang info@vesttravel.is.

Heimasíða þeirra er: <http://www.vesttravel.is>
Bóka þarf ferðina sem fyrst og greiða 15.000. kr. staðfestingargjald. Lokauppgjör þarf síðan að fara fram a.m.k. mánuði fyrir brottför.

Fyrstir koma – fyrstir fá.

Nánari upplýsingar hjá Skógræktarfélagi Íslands, s: 5518150 Einar (einar@skog.is) eða Jón Geir (jg@skog.is). Nýjustu upplýsingar um ferðina verða á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands; <http://www.skog.is>.



Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

BIRKI

UPPÁHALDS TRJÁTEGUND

ÞJÓÐARINNAR

Meira úr Gallup könnuninni

Eins og fram kom í síðasta Laufblaði fékk Skógrækt ríkisins Gallup til þess að framkvæma könnun í haust varðandi hug landsmanna til ýmissa málefna sem snerta skógrækt. Meðal annars var spurt um uppáhaldstrjátegundina.

Í ljós kom að langflestir svarenda, eða 48% nefndu birki. Birkið er því ótvírætt uppáhalds trjátegund þjóðarinnar.

Sú tegund sem næst kom var greni (óskilgreint) sem 13,7% svarenda sögðu uppáhaldstrjátegundina.

Í þriðja sæti voru aspir (óskilgreindar) nefndar af 10,1% svarenda.

Um 20% svarenda nefndu einhverja aðra trjátegund og var það mikill fjöldi trjátegunda.

FRÆÐSLU- OG FÉLAGSSTARF SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS Í SAMVINNU VIÐ KB BANKA



KB BANKI

Skógræktarfélag Íslands mun standa að öflugum fræðslustarfi í ár í samvinnu við aðildarfélagin. Í þessu starfi nýtur félagið stuðnings KB banka, eins öflugasta fyrirtækis landsins, við að miðla fræðslu til áhugasams almennings í landinu.

Helstu liðir þessa starfs verða kynntir hér í Laufblaðinu og síðan rækilega á vefsíðu félagsins, www.skog.is. Þar verður settur upp sérstakur liður helgaður fræðslustarfinu. Þessir viðburðir verða síðan auglýstir sérstaklega í fjölmiðlum.

Á döfinni eru:

OPIN HÚS

Fræðslu- og myndakvöld áhugafólks um skóg og trjárækt.

Opnu húsin í Mörkinni hafa unnið sér fastan sess í hugum ræktunarfólks. Þar fjalla valinkunnir fyrirlesarar um ýmis áhugaverð efni og sýna myndir. Af þeim má enginn ræktunaráhugamaður missa!

15. maí; Jón Geir Pétursson.

Austur Afríka – Skógar, náttúra og nýting.

Jón Geir er skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands. Hann er nýkominn frá austur Afríku, þar sem hann aflaði gagna í rannsóknaverkefni sitt í auðlindastjórnun og hefur því fá ýmsu að segja í máli og myndum frá þessum áhugaverðu slóðum.

12. apríl; Agnes Geirdal skógarbóndi.

Agnes er formaður Skógarbænda Suðurlandi.

Hún og fjölskylda hennar hafa stundað umfangsmikla skógrækt á bújörðum á suður- og vesturlandi sem hún mun fjalla um. Einnig fjallar hún um félagsskap skógar eigenda og hvað það að er að vera skógarbóndi.

10. maí; Gísli Sigurðsson blaðamaður og rithöfundur.

Gísli var um árabíl ritstjóri lesbókar Morgunblaðsins og er nú afkastamikill rithöfundur og ljósmyndari. Hann hefur gefið út fjölmargar glæsilega bækur um sögu, menningu og náttúru landsins. Gísli mun sýna myndir og fjalla um skóga og skógrækt á Suðurlandi. Hann hefur ákveðnar skoðanir á skógræktarmálum, enda alinn upp í skóginum í Úthlíð í Biskupstungum.

Þessi fundir eru haldnir í húsi Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 og hefjast kl. 20.00. Þeir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis. Boðið er upp á kaffi.

NÁMSKEIÐ FYRIR SUMARHÚSAEIGENDUR

Skógræktarnámskeið fyrir sumarhúsa eigendur verða haldin í vor. Þessi námskeið taka eitt kvöld og eru á vettvangi skógræktarfélaganna.

Samvinna verður um þetta við eftirtalin félög og starfsmenn þeirra

Skógræktarfélag Reykjavíkur á Heiðmörk

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar í Höfðaskógi

Skógræktarfélag Eyfirðinga í Kjarnaskógi

Á þessum námskeiðum verður fjallað um fjölmörg hagnýt atriði fyrir áhugasamt ræktunarfólk sem vill ná árangri í starfi sínu. Tímasetningar verða auglýstar síðar.

SKÓGRÆKT ÁHUGAMANNINS

Námskeið Björns Jónssonar.

Námskeiðið sniðið að þörfum þess sem vill sjá árangur ræktunarinnar fljótt og vel

Námskeið Björns Jónssonar fyrrv. skólastjóra Hagaskólans hafa verið fjölsótt undanfarin ár. Þar fjallar hann um ýmsa þætti sem eru sérlega hagnýtir fyrir áhugafólk um skógrækt, ekki síst sumarhúsa eigendur sem vilja ná góðum árangri fljótt og vel. Stefnt er að því að þessi námskeið verði að minnsta kosti haldin á eftirtöldum stöðum.

a) Reykjanesbær: Skógræktarfélag Suðurnesja

b) Akranes: Skógræktarfélag Akraness

c) Höfn: Skógræktarfélag Austur-Skaftfellinga

d) Þórshöfn: Skógræktarfélag Norður Þingeyinga

SKÓG- OG TRJÁRÆKT Í FJARNÁMI

Hagnýt námskeið fyrir áhugasamt ræktunarfólk

Þetta námskeið er unnið í gegnum tölvu. Til þess að geta verið þátttakandi þarf viðkomandi að hafa aðgang að tölvu með nettengingu. Námskeiðið höfðar til afar breiðs hóps ræktunarfólks með stór eða smærri ræktunarsvæði.

Nánari upplýsingar um verð og framkvæmd má fá á hjá Jóni Geir Péturssyni á jgp@skog.is.



GREINAKURLARAR FYRIR AFLÚRTAK TRAKTORS

Bjóðum gott úrval frábærra greinakurlara í ýmsum stærðum frá Junkkari fyrir allt að 35 cm stofna. Upplýsingar veita sölumenn.



Hér á ég heima

Hugsðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

VÍNBUÐ
lífur, lærum & njótum

www.vinbud.is

BÆTT AÐSTAÐA Í VINASKÓGI

Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, þann 14. ágúst sl., var ný aðkoma og aðstaða í Vinaskógi formlega tekin í notkun, við hátíðlega athöfn, með þátttöku núverandi og fyrrverandi forseta Íslands.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opnaði Vinaskóg á ný eftir endurbæturnar og þakkaði forvera í embætti, frú Vigdís Finnbogadóttur, fyrir þá framsýni að hafa stuðlað að stofnun Vinaskógar. Skógurinn væri einstakur á heimsvísu. Ekki vegna stærðar og hæðar eða aldurs trjána, heldur vegna þess hvað margir tignir gestir hefðu gróðursett þar tré. Tími manna í valdaembætti væri yfirleitt afar skammur miðað við líftíma trjána. Kvað hann heimssókn í Vinaskóg oft bera á góma þegar Íslandsheimssókna væri minnst og spyrðu menn gjarna hvernig „þeirra“ tré dafnaði.

Að vígslu lokinni gróðursettu forsetarnir og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, þrjú birkitré. Frú Vigdís Finnbogadóttir flutti ávarp. Rakti hún tildrögin að stofnun Vinaskógar og mikilvægi þess að sýna fram á, að jafnvel á þessum örfoka og harðbýla stað væri hægt að klæða landið skógi að nýju. Skógræktarstarfið einkenndist af þrautseigju, trú á framtíðina og vilja til að skapa komandi kynslóðum bætt lífsskilyrði.

Þorvaldur S. Þorvaldsson, formaður framkvæmdanefndar Vinaskógar, sem stjórnaði samkomunni, rakti sögu framkvæmda. Þá flutti Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ávarp. Færðu þeir Magn-



Hlaðnir grjóttveggir og hlið, úr ómeðhöndluðu sitkagreni, setja svip sinn á inngang í Vinaskóg. Hlið, grindverk og upplýsingaturn smíðuðu starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur úr sitkagreni sem fellur til við grisjun í Heiðmörk. (Mynd EG).

ús og Þorvaldur Pokasjóði verslunarinnar þakkir fyrir að hafa kostað framkvæmdirnar.

Lúðrasveit Varmárskóla, undir stjórn Birgis D. Sveinssonar, flutti nokkur létt lög í veðurblíðunni.

Vinaskógur

Til Vinaskógar var stofnað í tilefni Landgræðsluskóga en fyrrverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, var verndari þeirra. Það var fyrir hennar ósk að fundinn var staður þar sem forsetinn gæti komið með gesti sína og gróðursett tré í nafni vináttu og friðar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var hvata-



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhjúpar nýjan stuðlastein. Eldri steinninn rúmar ekki fleiri nöfn hinna tignu gesta Vinaskógar (Mynd BJ).

maður þess að aðkoma og aðstaða í Vinaskógi var endurbætt árið 2004.

Fyrstur erlendra þjóðhöfðinga, sem heimsotti Vinaskóg og gróðursetti þar tré, var Elísabet II. Englandsdrottning. Það var þann 26. júní 1990. Síðan hafa þjóðhöfðingjar fjölmargra ríkja gróðursett tré í Vinaskógi með forseta Íslands.

Vinaskógur er á vesturmörkum jarðarinnar Kárastaða í Pingvallasveit, ekki langt frá hinum forna þingstað á Pingvöllum sem tekinn var á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna árið 2004. Með stækkun Þjóðgarðsins á Pingvöllum er Vinaskógur orðinn hluti hans. Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með gróðursetningu og umhirðu í Vinaskógi.

Kveðjur og gjafir

Vinaskógi hafa borist kveðjur og gjafir frá ýmsum aðilum. Þar má nefna Vaclav Havel, forseta Tékkóslóvakíu, Ameríska sendiráðið, Danska sendiráðið, Finnska sendiráðið, Kínverska sendiráðið, Þýska lýðveldið, Sovéska sendiráðið, Norska sendiráðið, Pólska lýðveldið, Franska lýðveldið og Umhverfisráðuneyti Austurríkis.

Meðal annarra góðra gesta má nefna Yoko Ono Lennon. Þá hafa sendiherrar erlendra ríkja og starfsmenn sendiráða komið og gróðursett tré í Vinaskógi.

Sjálfstæðisflokkurinn færði frú Vigdís Finnbogadóttur 60 birkitré í tilefni 60 ára afmælis hennar. Alþýðusamband Íslands gróðursetti



Fjöldi góðra gesta var viðstaddur opnun Vinaskógar, í blíðskaparveðri, eftir gagngerar endurbætur á aðkomu. (Mynd EG/SSB).

Heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja í Vinaskóg

Ár	Þjóðhöfðingi	Ár	Þjóðhöfðingi
1990	Elísabet II Englandsdrottning	1994	Beatrice Hollandsdrottning og Claus prins
1990	Mitterand Frakklandsforseti	1995	Mary Robinson, forseti Írlands
1991	Francesco Cossiga forseti Ítalíu	1997	Oscar Luigi Scalfaro, forseti Ítalíu
1991	Mauno Koivisto forseti Finnlands	1999	Guntis Ulmanis, forseti Lettlands
1992	Richard von Weizsäcker forseti Þýskalands	1999	Lennart Meri, forseti Eistlands
1992	Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning	2000	Aleksander Kwasniewski forseti Póllands og frú Madame Jolanta Kwasniewski
1993	Mario Soares forseti Portúgals	2000	Tarja Halonen, forseti Finnlands
1994	Þjóðhöfðingjar Norðurlanda í tilefni af 50 ára afmæli Íslenska lýðveldisins, þann 17. júní. Margrét Þórhildur drottning Danmerkur, Martti Ahtisaari forseti Finnlands, Haraldur Noregskonungur, Karl Gústaf konungur Svíþjóðar.	2002	Vairu-Vike-Freiberga, forseti Lettlands
		2004	Arnold Rüütel forseti Eistlands og frú Ingrid Rüütel

Fleyg orð á stuðlasteini

„Sá sem gróðursetur tré sáir lífsgleði.“
Norska Sendiráðið.

„Tré geta lifað án mannkyns en mannkynið ekki án trjáa.“ Rolf Edberg, Svíþjóð.

„Hlustaðu á þyt trjáanna þar liggja rætur sálar þinnar.“ Finnska sendiráðið.

„Draumur, sem við dreymum ein, er bara draumur, en draumur sem við deilum með öðrum er veruleiki.“ Yoko Ono Lennon

„Við uppskerum ekki ávexti erfiðis okkar í dag, en okkur ber að hugsa um komandi kynslóðir sem njóta góðs af endurheimt náttúrunnar.“ Franska lýðveldið.

„Þú átt hlut í framtíð, fyrir hana skaltu gróðursetja tré.“ Norræna skógræktarsambandið.



80 birkitré í tilefni 80 ára afmæli sambandsins 1996. Breska þjóðin gaf tré til Vinaskógar til einkað frú Vigdís Finnbogadóttur og forsetatíð hennar. Á 50 ára afmælisþingi norræna skógræktarsambandsins það sama ár, heimsoúttu þinggestir Vinaskóg og gróðursettu tré.

Félagar í skógræktarfélagunum komu saman síðustu helgi júnímánaðar um nokkurra ára skeið og gróðursettu birkitré. Þá hafa vinnuflokkar frá Vinnuskóla Reykjavíkur, Waldorfskólunum í Karlsruhe, Landsvirkjun og Orkuveitunni lagt hönd á plóg við gróðursetningu og stíga-gerð. Þá hafa nokkur alþjóðafyrirtæki heimsótt Vinaskóg og látið fé af hendi rakna.

Stjórn Pokasjóðs skoðaði nýja aðkomu og gróðursetti tré í Vinaskógi þann 7. okt. 2004. Frá vinstri: Jóhannes Jónsson, Bjarni Finnsson formaður Pokasjóðs, Höskuldur Jónsson og Sigurður Á. Sigurðsson. Pokasjóður kostaði framkvæmdir við aðkomu og aðstöðu í Vinaskógi. (Mynd JFG).

POKASJÓÐUR VERSLUNARINNAR KOSTAÐI FRAMKVÆMDIRNAR Í VINASKÓGI

Mikið hefur verið framkvæmd í Vinaskógi undanfarin ár. Glæsileg aðstaða hefur verið byggð upp á svæðinu eins og hæfir slíkum stað. Þessar framkvæmdir hafa allar verið kostaðar myndalega af Pokasjóði verslunarinnar, en eins og lesendur vita hefur hann tekjur af sölu plastpoka í verslunum. Núna er þarna komin boðleg aðstaða þeim gestum sem vilja leggja því mikilvæga verkefni lið að endurheimta skóga landsins.



Nýtt húsnæði Skógræktarfélags Íslands er í Skúlatúni 6. Þangað er auðvitað allt skógræktarfolk ávallt velkomið. (Mynd JGP).

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS FLYTUR

Í vetur var ákveðið að selja hús Landgræðslusjóðs að Ránargötu 18, þar sem Skógræktarfélag Íslands hefur verið til húsa undanfarna áratugi. Komið var að miklu og kostnaðarsömu viðhaldi á húsinu. Fyrir húsið fékkst góð fjárupphæð, enda mikil eftirspurn eftir svona stórum eignum í gamla bænum. Þeir fjármunir leggjast nú við höfuðstól Landgræðslusjóðs, og verður sjóðurinn þá enn betur í stakk búinn til þess að þjóna því hlutverki sínu, að styðja skógræktarfélögin í landinu.

Skógræktarfélag Íslands hefur fest kaup á húsnæði að Skúlatúni 6. Þetta er hentugt skrifstofuhúsnæði á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Þess má geta að þar munu einnig flytja inn félögin Landvernd og Fuglavernd, en félögin hafa búið undir sama þaki á Ránargötu um hríð.

Félagið mun flytja í nýja húsnæðið í vor. Síma- og faxnúmer og netföng félagsins verða þau sömu eftir sem áður.

Bakkaselsskógur í Fnjóskadal

Velkomin í Þjóðskógana



www.skogur.is

LANDGRÆÐSLUSKÓGAR 15 ÁRA

Í ár eru 15 ár síðan Landgræðsluskóga-verkefnið hófst, en til þess var stofnað á 60 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands árið 1990. Þá fóru skógræktarfélögin af stað með mikla fjársöfnum meðal fyrirtækja og almennings til kaupa á trjáplöntum sem skógræktarfélögin sáu um að gróðursetja í rýr og áveðra svæði um landið. Landgræðsluskógarsvæðin eiga það öll sammerkt að vera opin almenningi til útivistar og víða er nú unnið skipulega að því að gera þau aðgengileg. Landgræðsluskógar eru samstarfsverkefni skógræktarfélaganna, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarráðuneytisins. Undanfarin ár hefur verkefnið notið stuðnings ríkissjóðs, í formi fjármuna til þess að kaupa trjáplöntur.



Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra skoðar Landgræðsluskóga á Vestfjörðum. (Mynd JGP).



Bolholt 1993.

Á sínum tíma fengu Landgræðsluskógar afar mikla viðurkenningu, er Skógræktarfélag Íslands hlaut fyrstu umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1991 vegna verkefnisins. Það var áður en farið var að veita þessi verðlaun árlega, en það hefur verið gert síðan 1995. Í ár verður 15 milljónasta plantan gróðursett í landgræðsluteiga.

Það er skemmtileg tilviljun að þetta mikla skógræktar- og landgræðsluverkefni hófst sama ár og lagt er til grundvallar í Kyoto bókuninni um kolefnisbúskap. Því reiknast öll kolefnisbinding á vegum verkefnisins okkur Íslendingum til tekna. Slík binding er afar árangursrík því bæði er bundið kolefni í jarðvegi og lífmassa.

Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að hugleiða hvernig söfnunarfé almennings var varið á sínum tíma. Á vegum verkefnisins eru núna samningsbundin um 130 svæði á landinu sem spanna um 12.000 hektara lands. Gróðursettar hafa verið tæplega 15 milljónir trjáplanta. Meðfylgjandi eru nokkrar svipmyndir



af vettvangi verkefnisins á Rangárvöllum, en Skógræktarfélag Rangæinga hefur verið stærsti þátttakandi verkefnisins.

FRÁBÆR ÁRANGUR Í LANDGRÆÐSLUSKÓGRAEKT HJÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI RANGÆINGA

Það eru 15 ár síðan byrjað var að planta í Bolholti í landgræðsluskógaverkefninu. Árið 1990 voru gróðursettar þar 63.000 trjáplöntur. Þar dafnar allt vel m.a blómstra rósir. Skógurinn er nú orðin hin mesta útivistarparadís, þar sem hægt er að tina bæði ber og sveppi þegar líður á haustið. Vart er hægt að hugsa sér

GRÓÐURVIN Á HÁLENDINU

„Það mætti athuga hvort íslenskt birki geti þrífist í Nýja Jökuldal“, sagði Gunnar Njálsson skálavörður er Laufblöðungur var þar á ferð í ágústmánuði í fyrrasumar. Gunnar, sem einnig er formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar í Grundarfirði, starfaði sem skálavörður fyrir Ferðafélag Íslands í Nýja Jökuldal, sem einnig er nefndur Nýdalur í fyrrasumar, og kynntist vel gróðurfari dalsins og nágrennis.

Skálar Ferðafélagsins og dalurinn sem liggur undir hlíðum Tungnafellsjökuls, eru í 800 m.h.y.s. og rúmlega það. Í austri, er dalnum sleppir, tekur við Vonarskarð með sínum leyndardómum í gróðurfari og jarðfræði og í vestri víðáttumikil auðn, Sprengisandur, allt þar til kemur að verunum miklu við Þjórsá.

Gróðurfari í Nýja Jökuldal er afar sérstakt og áhugavert. Þarna vex stórvaxinn mariustakkur í giljum ásamt ætihvönn. Eins vex ýmiskonar hálendisblómgróður í hlíðum og grundum, og það var áhugavert að sjá hvað hann óx og



Gunnar Njálsson formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar við víðinn góða. Í baksýn eru skálar Ferðafélagsins. (Mynd JFG).

blómstraði við hið lága hitastig í júnímánuði. Þá var fyrst byrjað að vora þarna. Bláberjalyng sést ekki þarna, en krækiberjalyng er á sumum stöðum og bar velþroskuð ber þegar haustaði. En íslenska birkið sést ekki og ekki er að sjá að það hafi vaxið þarna í dalnum fyrir

á öldum. En þarna vex fjallavíðir (Salix arctica) í miklu magni. Stórar breiður, skriðull eða með uppréttar greinar og enginn eins í útliti. Sumt af honum minnti þó sterklega á loðvíðinn. Ekkert sást af fjalldrapa.

Á þessu svæði sást lítið af fiðrildalirfum á víðinum, og ánamaðk fann ég hvergi í jörðu, hvorki við skála ferðafélagsins, né í úthaga, enda er gróðurþekjan þunn og sandorpin. Ég byrjaði pistilinn á að íhuga hvort íslenskt birki geti þrífist á þessu svæði í svona mikilli hæð, og á stuttum sumrum. Það væri kannski vert að velja birki ættað frá svæðum við hálendisbrúnina. En það yrði aldrei annað en lágvaxið kjarr. Hver veit?

Ég vona að lesendur hafi haft gaman af þessari stuttu umfjöllun um þessa gróðurvinnu sem Nýji Jökuldalur er uppi á miðju Íslandi, fjarri alfaraleið. En þessi gróðurvinnu er, ásamt öðrum, víðsvegar um hálendið, stórar og smáar og við verðum að gæta þeirra vel.

Gunnar Njálsson er formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar



Bolholt 2004.

meiri breytingu á umhverfi en þarna hefur átt sér stað. Sýnir þetta, betur en nokkuð annað, hvað skógrækt og landgræðsla eiga vel saman.

Meðfylgjandi myndir segja meira en mörg orð um árangurinn í Bolholti. Gömlu myndirnar voru teknar fyrir liðlega áratug af Boga Franzsyni skógræðingi en nýju myndirnar voru teknar í sumar og komu frá Sigríði Heiðmundsdóttur, formanni Skógræktarfélags Rangæinga.



STARFSMENNTASKÓLI LANDSVIRKJUNAR

Vinnuflokkar Landsvirkjunar aðstoða skógræktarfélögin

Á síðarliðnu sumri lagði Landsvirkjun fjölmörgum skógræktarfélögum í té vinnuflokka til ýmissa verkefna. Þetta eru ungmenni á vegum Starfsmenntaskóla Landsvirkjunar, en á vefsvæði hans, <http://sumarvinna.lv.is>, kemur fram að löng hefð sé fyrir vinnu skólafólks hjá Landsvirkjun. Í dag vinnur sumarvinnufólk Landsvirkjunar margvísleg störf um allt land en þó má segja að umhverfis- og ferðamál skipi stærstan sess í starfi þeirra. Sumarvinnufólkið fær einnig fræðslu og situr námskeið af ýmsu

tagi. Má þar nefna allt frá fjármálum og heimspeki til skyndihjálpar og jarðfræði. Oft hefur þetta nám verið metið sem hluti af framhaldsskólamenntun. Í dag er því talað um starfsmenntaskóla Landsvirkjunar.

Þetta framlag er skógræktarfélagunum ómetanlegt, enda hefur verið afar góð reynsla af þessu vinnuhópum. Vegna þessa er félagunum gerlegt að ráðast í ýmis verkefni, við skógrækt og uppgræðslu og bætt aðgengi almennings, sem annars hefðu þurft að sitja á hakanum.



Hér sést vinnuflokkur á vegum starfsmenntunarskóla Landsvirkjunar vinna að bættri aðstöðu í Höfðaskógi í Hafnarfirði. (Mynd JFG).

Morgunblaðið

PRENTSMIDJAN
VIÐEY ehf.

TOYOTA

MJÓLKURBÚ MBF FLÓAMANNA

BM-VALLÁ

RARIK

LÝSING

KÓPAVOGUR

Lánasjóður
landbúnaðarins

HÉRAÐSSKÓGAR

SORPSTÖÐ
SUÐURLANDS

HÓLASKÓLI
HOLUN Y HJALTARAL

ÍSFLUGL

GARÐYRKJUSKÓLINN
REYKJAM

FÍL

FÍL

LEIÐANGUR Í SKÓGINN Á HOLTSDAL Á SÍÐU




Hjónin Guðlaug Þorbergsdóttir og Böðvar Kristjánsson, frá Skaftárdal, gæða sér á nestinu eftir göngu um skógarlundinn. Böðvar tók þátt í gróðursetningunni í Holtsdal fyrir u.þ.b. 50 árum.

Skógræktarfélagið Mörk

Fyrsta skógræktarsvæði Skógræktarfélagsins Markar í Skaftárhrepp, er í Holtsdal á Síðu. Síðastliðið sumar gekkst félagið fyrir skoðunarferð í skógin, en hafist var handa við skógrækt þar árið 1950.

Í fundargerðarbók félagsins kemur fram að helsti hvatamaðurinn að gróðursetningunni var páverandi héraðslæknir á Síðunni, Esra Pétursson, en hann var mikill frumkvöðull ýmissa menningar- og framfaramála í héraðinu meðan hann dvaldi þar á árunum 1947-1951. Með í för voru nokkrir félagar sem þátt höfðu tekið í þessu frumkvöðlastarfi, m.a. Böðvar Kristjánsson frá Skaftárdal, Steinþór Jóhannsson frá Dalbæ og Kristinn Siggeirsson frá Kirkjubæjarklaustri.

Svo skemmtilega vildi til, að í ferðinni í sumar, voru með í för tveir af þessum frumkvöðlum frá árinu 1950, Kristinn og Böðvar. Þarna hefur sannarlega náðst góður árangur og þessi skógur er virkilega vöxtulegur og fallegur.



Félagar skógræktarfélagsins Markar í vettvangskonun, við grenilundinn í Holtsdal, í ágúst 2004.

Því má bæta við að samkvæmt Járnsíðu, spjaldskrá Skógræktarfélags Íslands voru gróðursettar árið 1950 200 stikagreniplöntur. Á árinum 1950 – 1955 voru síðan gróðursettar þarna alls um 11.000 trjáplantna.

Elín Valdimarsdóttir, stjórnarmaður Skógræktarfélagsins Markar.

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

Reykjavík

AM Praxis sf, Sigtúni 42
Arkis ehf, Aðalstræti 6
Atli Pálmason, skrudgarðyrkjumaður, Eikjuvogi 25
Bílaaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Dagvist barna, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut 58-60
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Feró ehf, Steinaseli 6
Félag garðplöntuframleiðenda, Stjörnugróf 18
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Fönix ehf, heimilistækjaverslun, Hátúni 6a
Grásteinn ehf, Neshaga 5
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
HB Grandi hf, Norðurgarði 1
Ísól ehf, Ármúla 17
Ístak hf, Engjateigi 7
Kar ehf, Bæjarflöt 10
Landark ehf, Stórhöfða 17
Lagamál ehf, Heiðarási 8
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Meistarafélag húsasmiða, Skipholti 70
Námsflokkar Reykjavíkur, Fríkirkjuvogi 1
Rafteikning hf, Suðurlandsbraut 4
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Samiðn, Borgartúni 30
Securitas hf, Síðumúla 23
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4

SORPA, Gufunesi
Samgönguráðuneytið
Teiknistofan Landark ehf, Stórhöfða 17
Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Skúlagötu 19
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Vátryggingafélag Íslands hf, Ármúla 3
Verðbréfastofan hf, Suðurlandsbraut 18
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Kringlunni 7
Vélaver hf, Lágmúla 7
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Viðskiptaráðuneytið, Arnarhvali
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ Þórgímsson og Co ehf, Ármúla 29
Þór Snorrason, skrudgarðyrkjumeistari, Hverafold 32

Seltjarnarnes

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur

Byggaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi, Vatnsenda
Goldfinger, Smiðjuvogi 14
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Landmótun, Hamraborg 12
Verkfræðistofan Hamraborg, Hamraborg 10

Garðabær

Verslunin 10 - 11, Lyngási 17

Hafnarfjörður

Hagvagnar hf, Melabraut 18

Keflavík

Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Tannlæknastofa Einars og Kristínar, Skólavegi 10
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Garður

Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

Njarðvík

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36

Mosfellsbær

Mottó ehf, Flugumýri 24
Reykjabúið hf, Suðurreykjum 1

Akranes

Hönnun hf, Stíllholti 16-18
Innri-Akraneshreppur, Heynes II
Sementsverksmiðjan hf, Mánabraut 20
Skilmannahreppur, Innrimel 2
Skógræktarfélag Akraness, Jörundarholti 122

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Laugaland hf, Laugalandi
Skorradalshreppur, Grund

SKÓGARLEIFAR Á BISKUPSTUNGNAAFRÉTTI

Í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum í Biskupstungum, frá því um 1331, segir að kirkjan eigi „skogar teig í sanndvatzhlyd“. Þetta er endurtekið í Vilkinsmáldaga 1397 og í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá um 1570. Í Gíslamáldaga um Bræðratungu í Biskupstungum er greint frá því að kirkjan þar eigi „Skógartungu undir Bláfelli og annan á Burfellz halse“. Þegar kaflinn Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um Biskupstungur var skráður árið 1709 voru þessir skógar kirknanna „gjörsamlega eyddir“.

Fyrir rúmum 10 árum fór undirritaður í Sandvatnshlíð til að kanna, hvort eitthvað væri eftir af þessum fornu skógum. Tvær stórar gróðurtorfur voru eftir af hinum forna gróðri í Sandvatnshlíð. Standa þær við Sandvatnið og eru stöðugt að eyðast. Á þessum torfum var hið vöxtulegasti birki eða eins vöxtulegt og búast má við í þrautbeittu landi á uppblásturssvæði. Sannarlega góðar minjar um upphaflegan gróður á svæðinu áður en skógareyðing og síðar uppblástur náðu yfirhöndinni.

Eftir að hafa farið í þessar gróðurtorfur í

Sandvatnshlíðinni var farið upp undir Einifell og Birkifell rétt fyrir sunnan Jarlhettingur. Þar fannst töluvert af birki, sem hefur borið fræsum haust. Rétt hjá þessum birkileifum hafa verið gróðursettar aspir fyrir 16 árum og eru þær orðnar 3 metra háar þær stærstu. Lerki hefur og vaxið vel en birki af Bæjarstaðakvæmi hefur ekki lifað. Fróðlegt væri fyrir skógræðing að reyna frætöku á upprunalega birkinu þarna í fræári og sjá hvernig það kvæmi, sem þarna vex villt, reynist.

Nú er að verða fjárlaus í Biskupstungum vegna riðuniðurskurðar og spurning hvort ekki sé tímabært að snúa vörn í sókn í Sandvatnshlíðum og rækta birkiskóg í bland með þeim erlendu tegundum, sem þarna geta þrífist. Þetta geta sterk skógræktarfélag og yrði þetta viðbót við landgræðsluskógin, sem verið er að rækta á afréttinum í Rótarmannatorfum rétt við Bláfell.

Ritað í febrúar 2005.

*Ólafur Sigurgeirsson lögfræðingur,
Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.*



Birkikjarr í rofabarði við Sandvatn.



Birkikjarr upp undir Jarlhettingum.

Ísafjörður

Hamnaborg ehf, Hafnarstræti 7
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf, Aðalstræti 26

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Patreksfjörður

Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Brunnum 6
Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður

Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37

Skagatrönd

Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur

Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15

Akureyri

Akureyrarbær, Geislagötu 9
Blikk- og tækniþjónustan ehf, Kaldbaksgötu 2
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14
Teiknistofan H Á, Furuvöllum 13
Verkfræðistofan Raftákn hf, Glerárgötu 34

Grimsey

Grimseyjarhreppur, Eyvík

Dalvík

Daltré ehf, Grundargötu 9
Ferðaþjónusta bænda Haga, Syðri Haga

Húsavík

Garðyrkjustjóri Húsavíkur, Ketilsbraut 9
Langanes hf, útgerð, Skólagarði 6
PricewaterhouseCoopers ehf, Garðarsbraut 15

Laugar

Þingeyjarsveit, Kjarna

Kópasker

Öxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

Þórshöfn

Þórshafnarhreppur, Langanesvegi 2

Egilsstaðir

Barri hf, Kaupvangi 19
Bókasafn Héraðsbúa, Laufskógar 1
Ferðaskrifstofa Austurlands, Kaupvangi 10
Fljótssdalshérað, Lyngási 12
Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Laufskógum 1
Skógræktarfélag Austurlands, Hallormsstaðarskóla
TF-hús, Kaupúni 1 Fellabæ
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Selási 15

Mjóifjörður

Mjóafjarðarhreppur, Brekku

Neskaupstaður

Tónspil, Hafnarbraut 17

Breiðdalsvík

Ós kaup ehf, Ásvegi 19

Selfoss

Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Eyvindartunga ehf, Eyvindartungu
Sunnlenska fréttablaðið, Eyrarvegi 25

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Samband garðyrkjubænda, Reykjum

Þorlákshöfn

Jarðefnaðnaður ehf, Nesbraut 1
Auðbjörg ehf, Óseyrarbraut 18

Laugarvatn

Gróðrastöðin Laugarströnd, Laugarströnd

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási
Gróðrastöðin Hvammi 2,

Hella

Ásahreppur, Kálfholti
Landgræðsla ríkisins, Gunnarsholti
Rangárþing - Ytra, Laufskálum 2
Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3
Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Byggðarsafnið í Skógum, Skógum

Vík

Byggingafélagið Klakkur ehf, Smiðjuvegi 9

Kirkjubæjarklaustur

Geirland og sumarhótel, sími 487-4677,
Kirkjubæjarklaustri
Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu



Furan góða á heimleið eftir tveggja ára uppeldi í Mosfellsbæ. (Mynd SB).



Hjónin Erich og María gróðursetja furuna í urðir háfjalla Kanaríeyja Til þess að tré lifi á þessum slóðum, þarf töluverðan umbúnað. Fyrst þarf að grafa holu í jarðveginn. Þar er ætlunin að vatn safnist saman. Síðan er plantan varin með grjótgærði og kanínuheldu neti. (Mynd SB).

SKÓGRÆKT Á KANARÍEYJUM

Sigurður Blöndal, frá Skógræktarfélagi Garðabæjar, sendi okkur eftirfarandi pistil og myndir:

Við hjónir erum nýkomin frá Kanaríeyjum. Mánudaginn 31. janúar sl. var okkur boðið í gróðursetningarferð þar, með hjónum Maríu Hákonardóttur og Erich Köppel, en þau eru bæði í Skógræktarfélagi Mosfellssveitar. Til efnið var að fyrir tveimur árum söfnuðu þau fræi af Kanaríeyjafuru, tóku með sér heim til Íslands og sáðu síðan því í mold heima í Mosfellssveit. Fræið spíraði og upp uxu furuplöntur.

Núna var komið að því að skila einu tré til baka á heimaslóðirnar á Kanaríeyjum. Farið var með áætlunarbíl frá Maspalomas upp Fatagudal til San Bartolome, þaðan sem við höldum áfram gangandi upp í fjöllin.

Eftir þriggja tíma göngu komum við á staðinn þar sem gróðursetja átti tréð, en hann er í um 900 metra hæð. Það var gróðursett af alúð og hlaðinn skjólveggur úr grjóti umhverfis plöntuna og einnig settur upp hólkur úr neti, til skjóls og varnar kanínum. Eftir gróðursetninguna var sleginn tappi úr kampavínsflösku og trénu árnað heilla. Eftir það var haldið heim á

leið eftir góðan dag. Gaman verður að fylgjast með trénu í framtíðinni.

Kanaríeyjafura (*Pinus canariensis*) er innlend trjátegund á Kanaríeyjum og vex á eyjunum Gran-Canaria, Tenerife, La Palma, Hierro og Gomera. Furan getur orðið afar stórvaxin og nær um 60 metra hæð fullþroska. Slíkir skógar þöktu áður stóran hluta eyjanna, en var næstum eytt á tímum gufuskípanna. Núna er mikið unnið að skógrækt á Kanaríeyjum til þess að endurheimta hina horfnu furuskóga.

HEKK- KLIPPUR

sniðnar að þínum þörfum.

STIHL®

**Gott verð
á
gæðavörum.**

GARÐHEIMAR

ALLT Í GARÐINN
60 ÁRA REYNsla

Stekkjarbakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is

Snöggum betri kraftur...

KOMATSU ZENOAH

53.500-

G415AVS
4.4 kg 2ha

63.500-

CHT2300A
5.3 kg 1,2 ha

STIGA

Vetrarsól ehf • Askalind 4 • Kópavogur • Sími: 564 1864

HAUKAFELL – VIN UNDIR JÖKLI

Haukafell á Mýrum er í eigu og umsjón Skógræktarfélags Austur-Skaftafellssýslu. Haukafell er 5 km frá Þjóðvegi 1, rétt austan við Fláajökul, sem er skriðjökull úr Vatnajökli. Unnið hefur verið að uppbyggingu vegar inn að Haukafelli og sl. tvö ár hefur félagið fengið styrki frá Vegagerðinni til þessara framkvæmda. Vonast er til að hægt verði að ljúka vegaframkvæmdum inn í Haukafell á þessu ári.

Haukafell býr yfir fjölbreyttum gróðri, fugla- og dýralífi. Þar er einnig ágætis berjaland. Í Haukafelli hefur verið ræktaður skógur frá árinu 1986. Við Haukafell byrja og enda margar fjölbreyttar gönguleiðir á Mýrum og eru stíkaðar tvær hringleiðir í skógræktarlandi Haukafells.

Skjólgt tjalðsvæði er í Haukafelli og síðastliðið sumar var aðstaða tjalðgеста stórbætt með því að koma upp vatnssalerni. Reist var 15 m² bjálkahús sem skiptist í tvö vatnssalerni og áningaraðstöðu fyrir félagsmenn. Nokkrir félagsmenn hafa varið mörgum frístundum undanfarin ár við að setja húsið saman og innrétta. Fyrirhugað er að koma upp úti-vöskum við húsið nú á vormánuðum. Fenginn hefur verið landslagsarkitekt til að deiliskipuleggja hluta landsins og er áætlað að í framtíðinni



Á Haukafellsjörðinni hefur Skógræktarfélag Austur Skaftfellinga unnið að uppbyggingu á útivistaraðstöðu. (Mynd ESH).



Gífurleg náttúrufegurð er í Haukafelli, enda skammt til jökla. (Mynd ESH).

verði boðið upp á nokkrar sumarhúsalóðir í austurhluta landsins. Auk hefðbundinna verkefna í Haukafelli er ætlunin að útbúa upplýsingaskilti fyrir svæðið en félagið fékk úthlutað styrk nú á dögnum, frá Ferðamálaráði Íslands, til skiltagerðar.

Síðast en ekki síst liggur fyrir að gera slóða innar og ofar í landinu til að hægt sé með að halda áfram gróðursetningu á svæðinu en skógrækt er að sjálfsgöðu meginmarkmið okkar skógræktarfélaganna.

*Með kveðju frá Hornafirði,
Elín S. Harðardóttir,
formaður Skógræktarfélags Austur Skaftfellinga.*



við látum **verkin** tala



Nesprýði

VESTURBRAUT 10A - 230 REYKJANESBÆR - SÍMI 421 6269

GAUSENHEIDIO



Skógfræðingar takast á við ýmis verkefni. Hér er Guðmundur Örn Árnason skógfræðingur með fyrstu sjálfsánu álþróntuna sem finnst hér á landi, en hana fann Guðmundur við Túngötu í Reykjavík. Í Laufblaðinu árið 2000 birti Þórarinn Benediktsson skógfræðingur yfirlit yfir þær trjategundir sem hafa sáð sér sjálfar út hér á landi, alls 24 tegundir. Í þá töflu er því núna hægt að bæta álm-inum. (Mynd JFG).

FÉLAG ÍSLENSKRA SKÓGFRÆÐINGA STOFNAÐ

Síðastliðinn vetur var Skógfræðingafélag Íslands stofnað. Það er fagfélag skógfræðinga í landinu en þeir telja nokkra tugi. Núna eru 20 skógfræðingar í félaginu og vonast félagið til að þeim fjölgi á næstunni.

Flestir hafa sótt menntun sína til Norðurlandanna, en einnig til Bandaríkjanna, Kanada og Bretlandseyja.

Hafin er kennsla í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, þannig að ekki líður á löngu þangað til fyrstu íslenskt menntuðu skógfræðingarnir munu líta dagsins ljós. Því var það löngu tímabært að þeir stofnuðu með sé hagsmunafélag. Fyrsti formaður félagsins er Hrefna Jóhannesdóttir, skógfræðingur á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins.



FRÁBÆR VÖXTUR DÖGLINGSVIÐAR

Áhugaverð trjategund sem lofar góðu

Döglingsviður, sem einnig hefur verið nefndur douglasviður eða douglasgreni, (*Pseudotsuga menziesii*) er trjategund sem lítið hefur verið notuð í íslenskri skógrækt hingað til. Þó eru til nokkrir stæðilegir einstaklingar í skógarreitum og gördum hér á landi. Þekktustu trén eru á Atlavíkurstekki á Hallormsstað, gróðursett árið 1941. Döglingsviður er þekkt trjategund erlendis ekki síst fyrir að vera úrvals timburafurð en hinn þekkti viður „oregon pine“ er einmitt af þessari trjategund. Náttúruleg heimkynni tegundarinnar eru á Kyrrahafsströnd Norður-Ameríku, þar sem útbreiðslusvæði hennar er frá 19°-55° norður. Döglingsviður er talinn næst hæsta trjategund Norður-Ameríku (á eftir sitkagreni) og verður þar yfir 100 metrar á hæð.

Meðfylgjandi mynd er tekin í Vaðlaskógi gegnt Akureyri. Þessi döglingsviður var gróðursettur árið 2001, þá sem pottaplanta. Eins og sjá má er vöxturinn gríðarlegur.

Það má velta fyrir sér hvort þessi trjategund og aðrar álíka eigi ekki heima í íslenskri skógrækt. Í það minnsta er full ástæða til þess að gefa þeim meiri gaum í framtíðinni, ekki síst ef áframhaldandi spár um hlýnandi veðurfar rætast. Fróðlegt verður að fylgjast með þessu tré í framtíðinni.

Valgerður Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga.



Girðingarefni

Í miklu úrvali fyrir hefðbundnar girðingar og rafgirðingar

Ako og Hotline spennar í miklu úrvali



Aksturshlið

Tré- og jarnstaurar



Túngirðingarnet og vír

Athugið breyttan
opnunartíma:
mán.- föst. 8-19
laugard. 9-15


FAIRMAN

MR BÚÐIN

ALLT FYRIR
GIRÐINGAR
OG MEIRA TIL




MR BÚÐIN LYNGHÁLSI 3 SÍMI: 540 1125



Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið
er fagráðuneyti skógræktar



Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að
þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri
matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum
landshlutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða
landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu



Í landinu er stunduð margskonar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum,
fyrirtækjum og einstaklingum. Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi
þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og
uppgræðslu foksóga.

Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



KRAFTVÉLALÉIGAN
...með réttu tækin



Tæki fyrir hvert tilefni

Leiga á vinnuvélum hentar vel fyrirtækjum, verktökum, iðnaðarmönnum og einstaklingum sem þurfa að leysa tímabundna tækjapörf án þess að fara út í mikla fjárfestingu. Stöðugt bætast við ný tæki og er markmið okkar að bjóða upp á sérhæfð tæki og búnað.

Trjáskurlari
Kurlar niður 30 cm
þykka stofna

NÝTT!

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjólagröfur
- Traktorsgröfur
- Skotbómulyftarar
- Jarðvegsfæribönd
- Beltavagnar
- Bómulyftur
- m/dráttarbeisli
- Skæralyftur
- Ljósaturar
- Hekklippur
- Keðjusagir
- Kurlarar
- Rafmagnsorf
- Bensínorf
- Stauraborar
- Laufblásarar
- Mosatætarar
- Flutningabíll
- með krana



Nýjasta tækið í leigunni er trjáskurlari sem hægt er að draga með venjulegum fólksbíl. Einstaklega hentugur þegar kurla þarf stærri greinar og tré. Fyrir allt að 30 cm þykka stofna. Eina tæki sinnar tegundar hér á landi sem kurlar svo efnismikla stofna.



KRAFTVÉLALÉIGAN

Dalvegí 6-8 · Kópavogi · Sími 535 3515 · www.kraftvelar.is



Leigumarkaður garðyrkjumannsins